

Alþingi
Erindi nr. P 139/396
komudagur 25. 11. 2010



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. nóvember 2010
Tilvísun: 201011-0036

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu o.fl. 206. mál.

Frumvarpinu er ætlað að leysa úr óvissu um réttarstöðu skuldara og kröfuhafa sem samið hafa um gengistryggingu í lánaviðskiptum. Leitast er við að leysa úr þeirri óvissu með samræmdum hætti, óháð orðalagi og framkvæmd viðkomandi lánasamninga þ.a. að úr réttarstöðu allra skuldara í sömu eða sambærilegri stöðu verði leyst með sambærilegum eða sama hætti. Frumvarpið ætti því að skapa meira öryggi og festu í fjármálalífínu. Aipýðusamband Íslands styður þessi markmið frumvarpsins.

Frumvarpið er hins vegar flókið og texti þess lítt aðgengilegur og á því kunna þess vegna að vera efnislegir og tæknilegir gallar. Auk þess er ljóst að með frumvarpinu er fjallað um eignar- og kröfuréttindi sem njóta verndar skv. eignarréttarákvæðum stjórnarskrár. Af þessum ástæðum hefur ASÍ áhyggjur af því að markmiðum frumvarpsins verði ekki náð án samhliða samninga við fjármálafyrirtækin og þannig leyst fyrirfram úr hugsanlegum ágreiningi um skaðabótaskyldu.

Virðingarfyllt,

Magnús M. Norðdahl hrl.
Lögfræðingur ASÍ.